

Stofnanasamningur
Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og
Félagsráðgjafafélags Íslands

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til félagsráðgjafa hjá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. grein 11.1 í þeim samningi.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfisemi taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunar og hvetji til árangurs.
- Að launakerfið feli í sér að tekið verði mið af frammistöðu og árangri við reglubundið endurmat launa.
- Að tryggja stofnun hæft starfsfólk í góðu og framsæknu umhverfi.
- Að launakerfið ýti undir að starfsmenn auki við hæfnisína og þróist í starfi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gegnsæum hætti.
- Að komið verði í veg fyrir ómálefnalegan launamun.

3. Grunnröðun

3.1. Almennar forsendur röðunar

Röðun byggir á starfslýsingum og miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem ráðgjöf/stjórnun/) sem í starfinu felst auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags. Starfslýsingar verði endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

3.2. Starfalýsingar og röðun

Skólafélagsráðgjafi 1: Félagsráðgjafi á fyrsta ári í faggrein. Tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu við ráðgjöf og greiningu en vinnur undir leiðsögn reyndari félagsráðgjafa. **Skólafélagsráðgjafi 1 skal raðast í lfl. 10.**

Skólafélagsráðgjafi 2: Félagsráðgjafi eftir eitt ár í starfi í faggreininni. Vinnur sjálfstætt, ber sjálfur ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við greiningu, ráðgjöf og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi. **Skólafélagsráðgjafi 2 skal raðast í lfl. 12.**

Skólafélagsráðgjafi 3: Félagsráðgjafi sem hefur yfirumsjón með fagsviði eða starfar einn á starfsstöð, án faglegs yfirmanns, með ábyrgð á skipulagi og þróun skólafélagsráðgjafar. Hann getur haft handleiðsu annarra starfsmanna með höndum og hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun starfsstöðvar.

Skólafélagsráðgjafi 3 skal raðast í lfl. 14

4. Persónubundnir þættir

Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

- Menntun, sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi.

IO.
JS

- Fag- og starfsreynsla. Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirfærslu þekkingar eða vinnubragða).

4.1. Menntun

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun bætast við álagsþrep sem hér segir:

- Diplóma (30 ECTS einingar) = 1 þrep
- Diplóma (60 ECTS einingar) = 2 þrep
- Meistaragráða (90 - 120 ECTS einingar) = 4 þrep
- Doktors- eða sambærilega gráða (180 ECTS einingar) = 6 þrep

Styttra formlegt nám skal metið með sama hætti. Ekki skal vera um tvítalningu náms eða námsstunda í ákvæðum 4.1 og 4.3 að ræða.

4.2 Önnur viðbótarmenntun

Nám sem nýtist í starfi að mati viðkomandi yfirmanns en er ekki hluti af formlegri háskólamenntun sbr. grein 4.1 Formlegt skipulagt starfsnám sem leiðir til viðurkenningar og skal umfang vera sambærilegt við a.m.k. 30 ECTS eininga háskólanám, skal metið til hækkunar um eitt þrep.

4.3 Sérfræðiviðurkenning og áfangar að henni

Fái félagsráðgjafi sérfræðiviðurkenningu á starfssviði stofnunarinnar, sbr. reglugerð nr. 1088/2012 velferðarráðuneytis, skal hún metin til hækkunar í áföngum sem hér segir:

- 1. áfangi: 100 fræðslustundir, 20 handleiðslutímar eða 20 ECTS einingar = 1 þrep
- 2. áfangi: 200 fræðslustundir, 40 handleiðslutímar eða 40 ECTS einingar = 1 þrep
- 3. áfangi: 300 fræðslustundir, 60 handleiðslutímar eða 60 ECTS einingar = 1 þrep
- Sérfræðileyfi frá Embætti landlæknis skv. reglugerð nr. 1088/2012 = 1 launaflokkur

Sérfræðileyfi veitir alls hækkun um 3 þrep og 1 launaflokk.

4.5 Fag- og starfsreynsla

Starfsreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna við skólann eða sambærilegar stofnanir. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu. Hafi starfsmaður í upphafi starfs sértæka starfsreynslu sem nýtist við störf hans hjá skólanum má meta þá reynslu til hækkunar á sama hátt og starfsreynslu innan skólans.

- Eftir 1 ár í starfi hækkar röðun um 1 þrep.
- Eftir 5 ára starfi hækkar röðun um 1 þrep.
- Eftir 9 ára starfi hækkar röðun um 1 þrep.

4.6 Persónubundin hæfni

Allir starfsmenn fá samkvæmt samningi þessum 1 launaþrep við upphaf starfs sem hluti af grunnröðun starfsins.

Launahækkun fyrir persónubundna hæfni er varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Meta skal persónubundna hæfni til launaþrepa. Hafi starfsmaður náð að átta launaþrepum skal skólameistari endurmeta starfið. Skal þá starfið skilgreint upp á nýtt og hækkað um launaflokk/a í töflunni, þannig að tryggt verði að áframhaldandi persónubundin launaþróun geti átt sér stað í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Dæmi um persónubundna þætti:

- Sérstök fagreynsla sem gerir starfsmenn verðmætari í starfi.

10.
SB

- Sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

5. Aukin tímabundin ábyrgð og/eða álag

Félagsráðgjafi sem tekur tímabundið að sér aukna ábyrgð eða er tímabundið undir auknu álagi, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu og grunnröðun starfs, án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum fækkað, skal fá álagsgreiðslur meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt þeirri ábyrgð eða umfangi sem starfið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur. Dæmi um tímabundna þætti:

- Tímabundin aukin ábyrgð.
- Innleiðing verkefna.
- Þróun og nýsköpun.
- Sérstakt álag og erfiðleikastig.
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.
- Öflun nýrra verkefna og hugmynda.

Séu tímamörk ekki tilgreind í samkomulagi um tímabundna þætti gildir hefðbundinn 3. mánaða uppsagnarfrestur.

6. Vinnutími

Árlegur vinnutími er 1800 stundir. Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um annan vinnutíma sé sérstaklega samið.

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Sömuleiðis er samningsaðilum heimilt að semja um rýmkun dagvinnutíma á virkum dögum og um ákveðið frjálstræði um hvenær vinnuskyldu skuli gegnt. Að öðru leyti vísast til vinnutímaákvæðis í kjarasamningi FÍ við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

7. Starfsþróun

Stofnanir skulu hafa á að skipa hæfu starfsfólki sem ber ábyrgð á að viðhalda faglegri hæfni sinni. Stjórnendur skulu sjá til þess að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði.

Starfsmenn skulu hafa tækifæri til starfsþróunar innan stofnanna. Í starfsmannasamtali skal farið yfir starfslýsingu á viðvarandi verksviði og möguleika til starfsþróunar. Starfsþróun er ferli til að þróa færni starfsmanns m.t.t. þarf starfsmannsins og stefnu stofnunar.

7.1 Handleiðsla.

Félagsráðgjafar sem starfa hjá skólanum skulu hafa tækifæri til þess að sækja handleiðslu að þeirra frumkvæði. Miðað er við allt að átta handleiðslutímum á ári utan stofnunar.

7.2 Ráðstefnur og sérhæfð námskeið.

Félagsráðgjafar hafa tækifæri til að sækja ráðstefnur eða sérhæfð námskeið innan- eða utanlands árlega eftir því sem fjárhagur og regluleg starfsemi leyfir. Námskeið skal tengjast fagsviði og sótt í samráði við stjórnendur. Félagsgjafi skal vinna með stofnun og hafa frumkvæði að öflun styrkja til slíkra verkefna.

8. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til gr. 11.4 í kjarasamningi FÍ við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem samkomulag þetta byggir á.

FO
SB

9. Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Félagsráðgjafi, sem hefur áunnið sér hækkun umfram 8 álagsþrep, færist í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

10. Gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings Félagsráðgjafafélags Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. 11 kafla í þeim samningi.

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2020.

Heimilt er hvorum aðila um sig, stofnun eða fulltrúum stéttarfélags, að óska eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Aðilar eru sammála um að endurskoða samkomulag þetta í samræmi við ákvæði í 11. kafla kjarasamnings FÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Reykjavík, 24. september 2020

f.h. Fjölbautaskóla Norðurlands vestra

Ingileif Oddsdóttir

Ingileif Oddsdóttir, skólameistari



f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann

Steinunn Bergmann, formaður